



316. Stjórnarfundur haldinn 28. ágúst 2008 kl:17:05

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Engin.

3. Send bréf.

Engin.

4. Tímaúthlutun í íþróttamannvirkjum RNB 08 - 09.

Verið er að vinna í tímaúthlutun og er hún komin vel á veg.

5. Samkomulag RNB og Stafnvíkur.

Drög að samkomulagi RNB og Stafnvíkur v/tyrfingar á æfingarsvæði félagsins. Óskað er eftir því af hálfu RNB að Keflavík íþrótt- og ungmennafélag staðfesti samkomulagið.

Áður en hægt sé að skrifa undir og staðfesta samkomulag RNB og Stafnvíkur þá þarf að vera búið að uppfylla þau skilyrði sem sett voru í bréfi til Stafnvíkur þann 4. sept. 2007.

Að þeim uppfylltum þá er formanni heimilt að skrifa undir og staðfesta samkomulagið.

6. Önnur mál.

EH sagði frá fundi sem hann átti með fulltrúum áhugamanna um að koma á laggirnar handbolta hér í bæ. Fór yfir þá möguleika sem þeim stæði til boða og bauð fram aðstoð okkar.

Tveir stjórnarmenn hafa ákveðið að taka þátt í kynnisferð á vegum UMFÍ til systursamtakanna í Prag í nóvember 08. Samþykkt að styrkja þá um þrjátíu og fimm þúsund krónur hvorn.

EH greindi frá því að tilboð hafa verið opnuð í byggingu nýs félagsheimilis félagsins. Nánar á næsta fundi.

Ákveðið að boða stjórn körfunnar á næsta stjórnarfund.

BSS kom inn á hvatagreiðslur RNB. Nokkrar umræður urðu málið.

Umræður um málefni knattspyrnudeildar.

Næsti stjórnarfundur 28. ágúst kl 17:05 2008.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30
Fundinn ritaði SG

